

IV. ANNAD

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða. Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. sept. 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 245 26. maí 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 379.

29. ágúst 1975.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI

HEIMTAUGARGJÖLD

2. gr.

- 2.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.
- 2.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.
- 2.3 Aðalheimtaugar.
Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/málraun		Stofngjald kr.	Lengdargjald ¹⁾ kr/m
63A	1-fasa	72 950	Innifalið
63A	3-fasa	78 740	—
100A	—	93 600	—
200A	—	150 870	—
315A	—	314 410	—
300kVA	—	439 400	Samkv. kostnaði
500kVA	—	733 440	—
800kVA	—	1 172 850	—

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögfrá útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald 1) 2)	
		Jarðstrengur kr/m	Loflína kr/staur
63A	1-fasa	12 940	24 360
63A	3-fasa	18 170	28 340
100A	—	19 270	32 480

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málaun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

- 2.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 2.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
- 2.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr lofllínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

3. gr.

Fellur niður.

4. gr.

Fellur niður.

5. gr.

Fellur niður.

III. KAFLI MÆLALEIGA

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis	Upp að 30 A			
	kr.	35—55 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
Einfasa kWst.-mælar, hemilmælar og lausar skiptiklukkur einar sér	344.00			
Þrífasa kWst.-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	761.00	1 276.00	1 472.00	2 454.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar	1 276.00	1 472.00	2 331.00	3 730.00

Rofar:

1 × 10 A—2 × 30 A	1 914.00
3 × 15 A—3 × 60 A	2 331.00
3 × 100 A—3 × 350 A	5 644.00

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í lofllínuheimtaug.

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI SALA RAFORKU

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið sem hér segir:

- 7.1 Kr. 43.58 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.
- 7.2 Kr. 59 853.74 hvert árskW til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 7.3 Kr. 11.55 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 5 985.36 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfplatarmáls rýmis þess, er lýsa skal, og kr. 184.77 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.
- 7.4 Kr. 12 401.13 hvert árskW, og öll notkun kr. 11.55 hver kWst., ef um meira en 2.5kW-afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfplatarmáls 15 W á kr. 7 505.65 árskW. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við VA í stað W.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

- 8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilsvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 10.85 hver kWst.
- 8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar á skrifstofum, verzlunum og verkstæðum skv. lið 8.1.
- 8.3 Kr. 10.79 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Lágmarksgjald kr. 539.54 á ársfjórðungi.
- 8.4 Kr. 9.44 hver kWst., sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.
- 8.5 Kr. 9.44 hver kWst., sem seld er til súgþurrkunar á heyi.
- 8.6 Kr. 32 327.68 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 8.84 hver kWst. fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500 W að viðbættum 100 W fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.
- 8.7 Kr. 32 327.68 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrifstofum, verzlunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 8.84 og hemilstilling miðuð við 500 W fyrir fyrstu 25 ferm. gólfplatar eða minna, og síðan 100 W fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 59 853.74 hvert árskW.
- 8.8 Kr. 8.19 hver kWst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:

- 9.1 Kr. 21.74 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.
- 9.2 Kr. 4 350.66 hvert uppsett árskW og öll notkun kr. 8.49 hver kWst.

- 9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkun sem hér segir:
 Kr. 7 287.82 ársKW.
 Auk þess skal greiða kr. 3.71 fyrir hverja kWst.
- 9.4 Kr. 23 609.69 fyrir hvert ársKW, sem selt er um hemilmæli, og kr. 11.55 hver kWst., sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.
- 9.5 Kr. 22.91 fyrir hverja kWst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósá og annarra nota við húsbýggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

- 10.1 Kr. 4.57 hver kWst., seld um kWst.-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10000 kWst. á ári.
- 10.2 Kr. 2.76 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst., tvisvar á dag.
- 10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 2.98 hverja kWst. (án söluskatts), en þá skal fastagjald vera kr. 9 075.89 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 4 171.87 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 25 780.61 á ári.
- 10.4 Kr. 3.96 hver kWst. fyrir notkun til hitunar á neysluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.
- 10.5 Kr. 1.99 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.
- 10.6 Kr. 1.26 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er stærra en 2000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12:30—15:30.
- 10.7 Kr. 2.23 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22:00—9:00 og kr. 9.44 hver kWst., sem seld er á tímabilinu kl. 9:00—22:00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagnsveitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflagjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi Rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórnarnefnd veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til eru: orkukaup, verðjöfnunargjald, kostnaður vegna launa, vélakostnaður, efnis- og vaxtargjalda. Gjaldskrárbreytingar samkvæmt framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun á hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14. gr.

Verð á orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

V. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 1000.00 fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 1000.00 til Rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 17%, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Verðjöfnunargjald, 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

21. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

22. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. september 1975. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 176 11. apríl 1975.

Íðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

2. september 1975.

Nr. 380.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og þær jarðir í Biskups-
tungnahreppi, er liggja sunnan Hvítár í Árnessýslu.

I. KAFLI

Um afrétti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr.

Um afrétti.

Þeir eiga afrétt, sem að fornu hafa átt. Afréttur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóru-Laxár, afréttur Flóa- og Skeiðamanna milli Stóru-Laxár og Fossár, afréttur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afréttanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju. Austasti hluti af afrétti Flóa- og Skeiðahreppa er sérstaklega nefndur Skeiðamannaafréttur.

2. gr.

Um ágang af fé, sem heima er á sumri.

Eigendum búfjár er skylt að gæta þess, að það gangi ekki öðrum til tjóns. Nú verður eigandi eða ábúandi jarðar fyrir ágangi af fé, sem heima er á sumri, og fer inn á afgirt svæði, og getur hann þá snúið sér til hreppsnefndar með umkvörtun, en hún aðvarar hlutaðeiganda. Sinni eigandi ekki slíkri viðvörðun, getur hreppsnefnd látið reka féð á afrétt eða heim til hans. Kostnað af slíkum upprekstri má innheimta hjá eiganda á sama hátt og fjallskil, og er eindagi sá sami.

3. gr.

Um upprekstrarbann.

Nautpening og hross er óheimilt að reka til afréttar, nema til komi samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar og/eða stjórnar afréttarmálafélags.

Enginn má reka sauðfé annarra manna inn fyrir afréttargirðingu án leyfis eiganda, nema alrúið sé og markað.

4. gr.

Um gróðurvernd, uppgræðslu og ítölu á afrétti.

Hreppsnefndir og/eða stjórn afréttarmálafélaga hafa í samvinnu við landgræðslu ríkisins og gróðurverndarnefnd sýslunnar eftirlit með notkun afréttar og beitarpöli.